

Fundargerð.
Stjórnarfundar nr. 36.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn sem símafundur mánudaginn 6. september 2010 kl:14:00.

Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Eiður Guðmundsson. Einnig voru á fundinum Gunnar Svavarsson og Jón Skúli Indriðason frá Eflu Verkfræðistofu og Kristinn Magnússon frá Verkfræðistofu Norðurlands.

Dagskrá

1. Gerð urðunarhólfisins.
2. Önnur mál.

Magnús Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Gerð urðunarhólfisins.

Fulltrúar Eflu lögðu fram minnisblað dagsett 3. september 2010 þar sem þeir meta áhrif þess að leirbotn í hólfinu liggur ofar en ráð var fyrir gert. Farið var yfir minnisblaðið og þau áhrif sem þeir telja að þetta geti haft á framkvæmdarkostnaðinn í heild. Einnig ræddir aðrir möguleikar eins og að stækka meir flatamál hólfisins í stað þess að grafa eins langt niður og áætlað var. Ákveðið að fela fulltrúum Eflu og Verkfræðistofu Norðurlands að gera drög að samkomulagi við Hérðasverk vegna þeirra áhrifa sem þessi harði leirbotn hefur á vinnsluhradann og halda sig að óbreyttu við þá hönnun sem farið var af stað með.

2. Önnur mál

Enginn.

Fundi slitið kl. 14:30

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Eiður Guðmundsson